



Undirgöng við Aðaltún

Verkið - **Undirgöng við Aðaltún** - felst í gerð nýrra undirganga undir Vesturlandsveg við Aðaltún í Mosfellsbæ, gerð tengistíga við núverandi stígakerfi, niðurbroti núverandi undirganga, auk færslu eða breytinga á núverandi veitum og lagningu nýrra veitna. Veita skal læk sem rennur í ræsum undir botni núverandi ganga inn í steinsteyptan farveg í nýju göngunum. Gera skal nýjan lækjarfarveg úr jarðefnum og tengja núverandi lækjarfarveg við farveg í nýjum göngum. Hlaða skal bakkar nýs lækjarfarvegs úr grjóti, ganga frá yfirborði umhverfis undirgögn með þökulögn/grassáningu og planta trjágróðri.

Samhliða jarðvinnu undirganga skal grafa ofan af núverandi veitum austan ganganna og færa þær í nýja veituskurði - ýmist af verktaka eða veitufyrirtækjunum. Gert er ráð fyrir að verktaki á vegum Orkuveitu Reykjavíkur grafi ofan af og frá öllum lögnum Orkuveitunnar og Mílu.

Sólarhringsumferð á Vesturlandsvegi er í dag um 20 þúsund bílar. Áður en Vesturlandsvegur er rofinn skal byggja framhjáhlaup fyrir bílaumferð með undirgöngum fyrir hjólandi og gangandi umferð.

Helstu magntölur:

- Uppgröftur og endurfylling: 3.550 m³
- Losun klappar: 1.050 m³
- Aðflutt fylling: 4.100 m³
- Malbik: 2.800 m²
- Steypa: 165 m³
- Steypa í forsteyptar einingar: 105 m³

Verkkaupi:

- Vegagerðin
- Mosfellsbær
- Orkuveita Reykjavíkur

Tímabil:

- Maí 2015 - október 2015

Hönnuðir:

- Kanon arkitektar
- Landmótun
- VSÓ Ráðgjöf

Hlutverk ÍSTAKS:

- Aðalverktaki